

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.

Ársreikningur 2024

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.
kt. 601299-2329
Austurvegi 56, 800 Selfoss

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 11

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.
kt. 601299-2329
Austurvegi 56, 800 Selfoss

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað í desember 1999. Tilgangur félagsins er að taka þátt í stofnun og starfsemi annarra félaga sem rekin eru á grundvelli arðsemissjónarmiða, fela í sér nýmæli í atvinnulífinu og eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnulífs á Suðurlandi.

Starfsemin á árinu

Tap var af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 6,1 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam 115,4 m.kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Enginn starfsmaður var hjá félaginu á árinu. Laun, launatengd gjöld og bifreiðastyrkur stjórnarmanna námu 1,8 m.kr.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Eignaraðild

Hlutfé í árslok skiptist á 19 hluthafa og er það óbreytt frá ársbyrjun:

Byggðastofnun	39,99%
Sveitarfélagið Árborg	13,38%
Festa lífeyrissjóður	12,83%
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	7,28%
Sveitarfélagið Ölfus	4,20%
Hveragerðisbær	3,60%
Rangárþing ytra	3,30%
Rangárþing eystra	3,13%
Lífeyrissjóður Rangæinga	2,75%
Bláskógarbyggð	1,78%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1,47%
Mýrdalshreppur	1,31%
Hrunamannahreppur	1,26%
Grímsnes- og Grafningshreppur	1,10%
Skaftárhreppur	1,08%
Ásahreppur	0,80%
Flóahreppur	0,62%
Búnaðarfélag Holtamanna	0,06%
Búnaðarfélag Rangárvallahrepps	0,06%

Skýrsla stjórnar

Stjórn Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Selfossi, 4. júlí 2025

Stjórn:

Rafræn undirritun á öftustu síðu
Ásta Stefánsdóttir, formaður

Rafræn undirritun á öftustu síðu
Andri Þór Árnason

Rafræn undirritun á öftustu síðu
Guðmundur Ármann Pétursson

Rafræn undirritun á öftustu síðu
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Rafræn undirritun á öftustu síðu
Örn Bragi Tryggvason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Eignarhaldsfélags Suðurlands hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar.
 - Rekstrarreikning ársins 2024.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2024.
 - Sjóðstreymi ársins 2024.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar sem lá fyrir við áritun okkar. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 4. júlí 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Ólafur Gestsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur	3	3.157.951	2.014.636
Hagnaður af sölu fjárfestingaeigna		0	22.266.884
Afskrift / niðurfærsla fjárfestingaeigna og langtímakrafna	4,5	(3.700.000)	(20.000.000)
		(542.049)	4.281.520
 Rekstrargjöld			
Stjórnarlaun og launatengd gjöld	10	1.789.675	1.080.521
Annar rekstrarkostnaður	11	3.817.629	3.657.583
		5.607.304	4.738.104
 Tap ársins		<u>(6.149.353)</u>	<u>(456.584)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fjárfestingar í sunnlensku atvinnulífi	4	58.694.946	55.086.324
Langtímakröfur	5	0	3.700.000
		<u>58.694.946</u>	<u>58.786.324</u>
Veltufjármunir			
Fjármagnstekjuskattur		696.760	443.219
Handbært fé	6	58.317.718	63.772.258
		<u>59.014.478</u>	<u>64.215.477</u>
Eignir samtals		<u>117.709.424</u>	<u>123.001.801</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hlutafé		272.898.621	272.898.621
Lögbundinn varasjóður		300.000	300.000
Ójafnað eigið fé		(157.829.056)	(151.679.703)
		<u>115.369.565</u>	<u>121.518.918</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir	8	2.339.859	1.482.883
Eigið fé og skuldir samtals		<u>117.709.424</u>	<u>123.001.801</u>
Aðrar upplýsingar	9		

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé til rekstrar:			
Tap ársins		(6.149.353)	(456.584)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu fjárfestingaeigna		0	(22.266.884)
Afskrift fjárfestingaeigna og langtímakrafna	4,5	3.700.000	20.000.000
		<u>(2.449.353)</u>	<u>(2.723.468)</u>
 Breytingar rekstrartengdra eigna:			
Aðrar skammtímakröfur		(253.541)	(176.568)
Breytingar rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		856.976	(731.487)
		<u>603.435</u>	<u>(908.055)</u>
 Handbært fé til rekstrar		<u>(1.845.918)</u>	<u>(3.631.523)</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir eignarhlutir í félögum	4	(3.608.622)	(4.746.924)
Söluverð hlutabréfa		0	42.266.884
		<u>(3.608.622)</u>	<u>37.519.960</u>
 Breyting á handbæru fé		(5.454.540)	33.888.437
Handbært fé í byrjun tímabils		63.772.258	29.883.821
Handbært fé í árslok		<u>58.317.718</u>	<u>63.772.258</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. er eignarhaldsfélag.

Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 56, 800 Selfoss.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Fjármunatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við greiðslu.

4. Fjárfestingar í sunnlensku atvinnulífi

Fjárfestingar félagsins greinast á eftirfarandi hátt:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð 2024	Bókfært verð 2023
Plastiðjan ehf	29,0%	15.000.000	15.000.000	15.000.000
Sláturhús Seglbúðum ehf	28,0%	3.220.000	9.000.000	9.000.000
Hótel Hella ehf., gjaldþrota				15.000.000
Gufa - Laugarvatn Fontana ehf	2,02%	4.390.909	10.000.000	10.000.000
Icelandic Water Holdings ehf	0,03%	9.761.241	20.000.000	20.000.000
Sæbýli hf	0,79%	13.770	4.904.800	4.904.800
VAXA Technologies Ltd	0,30%	1.325.310	23.790.146	20.181.524
Horseday ehf	2,80%	18.182	10.000.000	10.000.000
			92.694.946	104.086.324
Óbein niðurfærsla			(34.000.000)	(49.000.000)
			58.694.946	55.086.324

Skýringar

4. Fjárfestingar í sunnlensku atvinnulífi, framhald

Fjárfestingar eru eignfærðar á kostnaðarverði að frádreginni óbeinni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Niðurfærslureikningur:

Niðurfærslureikningur í ársbyrjun	49.000.000
Breyting á niðurfærslu ársins	(15.000.000)
Niðurfærslureikningur í árslok	<u>34.000.000</u>

Samkvæmt lögum ber að færa upp hlutdeild í eigin fé félaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum þar sem eignarhlutur er umfram 20%. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. færir ekki upp hlutdeild í þeim félögum þar sem það hefur ekki áhrif á daglega stjórnun þeirra félaga né hefur aðila í stjórnun þeirra.

5. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

6. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af bankainnistæðum.

7. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins er 272,9 mkr. samkvæmt samþykktum þess og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í

A-flokkur	81.500.000
B-flokkur	<u>191.398.621</u>
	272.898.621

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2024:				
Staða í ársbyrjun	272.898.621	300.000	(151.679.703)	121.518.918
Tap ársins			(6.149.353)	(6.149.353)
Staða í árslok	<u>272.898.621</u>	<u>300.000</u>	<u>(157.829.056)</u>	<u>115.369.565</u>

Skýringar

8. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

9. Skattamál

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2025 vegna taprekstrar á árinu og ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	3.387.870
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	2.270.033
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	1.799.784
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	2.383.830
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	2.736.708
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	2.672.750
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	8.388.995
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	2.242.070
Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	2.703.268
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	2.428.453
	<u>31.013.761</u>

10. Stjórnarlaun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	1.419.028	874.646
Mótframlag í lífeyrissjóð	164.609	71.104
Tryggingagjald	106.774	63.989
Bifreiðastyrkur	99.264	70.782
	<u>1.789.675</u>	<u>1.080.521</u>

11. Annar rekstrarkostnaður

Aðkeypt þjónusta frá SASS	1.573.570	1.470.214
Endurskoðun og bókhald	1.354.318	1.173.784
Lögfræðiþjónusta	845.454	900.698
Heimasíða og internetþjónusta	0	6.643
Funda- og viðskiptakostnaður	0	65.850
Þjónustugjöld banka	4.246	16.494
Álagt útvarpsgjald	20.900	20.200
Annar kostnaður	19.141	3.700
	<u>3.817.629</u>	<u>3.657.583</u>

Undirritunarsíða

stjórnarformaður
Ásta Stefánsdóttir

Andri Þór Árnason

Guðmundur Ármann Pétursson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Örn Bragi Tryggvason

löggiltur endurskoðandi
Ólafur Gestsson